

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstrætis 8–10
101 Reykjavík

SVEIT SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Á VEITINGAMARKAÐI

b.t. Guðrún Hafsteinsdóttir

Reykjavík, 10. Október 2022

Efni: Umsögn vegna breytinga á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2023

Samtök fyrirtækja á veitingamarkaði (SVEIT) vísar til umsagnarbeiðni um ofangreint þingmál, 1. mál, lagafrumvarp 153. löggjafarþing 2022–2023.

Í II Kafla: Breyting á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995 í frumvarpinu er lagt til að áfengisgjald skuli hækka árið 2023 sem nemur 7,7% á innlendum markaði og 25% í verslunum fríhafnarinnar.

SVEIT leggur til að fallið verði frá fyrirhuguðum hækkunum sem lagðar eru til í II Kafla ofangreinds frumvarps til Fjárlaga 2023.

Í ljósi þess að greinin er hornsteinn menningar staða og lykilaðili í upprisu ferðaþjónustu eftir heimsfaraldur en viðkvæm eftir það sem á undan hefur gengið þarfnast greinin svigrúms til að ná vopnum sínum að nýju. Greinin hefur gengið í gegnum fordæmalaus tíma síðastliðin 2-3 ár sem einkennast af óhagstæðum kjarasamningum, samkomubönnum vegna heimsfaraldurs og nú nýverið áhrifa hækkandi hrávöruverðs og innfluttra vara með tilheyrandi verðbólgu vegna stríðs í Úkraínu.

Ljóst er að greinin er enn að glíma við efnahagslegar afleiðingar heimsfaraldurs og 4-5 mánuðir án hafta er fjarri lagi nóg til að bæta upp fyrir gríðarlegt efnahagstjón. Áfengisskattar á Íslandi eru þeir hæstu í Evrópu nú þegar og umrædd hækkun mun hafa bein áhrif á verðlag. Sérstaklega í jafn viðkæmu rekstrar- og markaðsumhverfi og er við lýði nú og verður að teljast verðbólguhvetjandi aðgerð.


Hækkanir áfengisgjalds hefur neikvæð áhrif á rekstraraðila sem eru enn að glíma við rekstraröðuleika í kjölfar heimsfaraldurs og þar af leiðandi neikvæð áhrif samkeppnishæfni, bæði fyrir innlandan og erlendan markað. Neytendur munu ekki eingöngu finna fyrir umræddum hækkunum í formi herra verðlags heldur munu rekstraraðilar neyðast til að draga úr framboði sem getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir framleiðendur. Einkum lítil og meðalstór fyrirtæki sem oftast en ekki eru fjölskyldurekin og standa fyrir nýsköpun og atvinnuuppbyggingu. Í alþjóðlegu samhengi mun hækkun á efa draga úr samkeppnishæfni Íslands vegna óhóflegs vöruverðs, sem er talið mjög hátt nú þegar.

Umhugsunarvert er að opinber gjöld hafi skaðleg áhrif á samkeppnishæfni greina og sér í lagi þegar atvinnulíf er enn að jafna sig af fordæmalausum höftum á tekjuöflunarmöguleikum fyrirtækja. Rekstraraðilar á veitingamarkaði hafa síðastliðin ár barist í bökkum við að halda rekstrinum lifandi og stjórnvöld kvatt atvinnulífið til að til að sýna samstöðu og smita verðlagshækkunum ekki í verðlagið eiga betra skilið en að taka á móti sömu gömlu verðlagshækkunum frá stjórnvöldum.

Þar að leiðandi kallar SVEIT á aðrar aðgerðir en hækkun áfengisgjalda sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Gefa þarf fyrirtækjum andrými til að ná vopnum sínum að nýju og blómstra. Með þeim hætti ætti að gefa efnahagslífinu tækifæri á að vinna glímuna við utanaðkomandi afleiðingar heimsfaraldurs og stríðs í Úkraínu.

Því leggur SVEIT til að fallið verði frá fyrirhuguðum hækkunum áfengisgjalds í þeim tilgangi að Ísland og veitingageirinn viðhaldi samkeppnishæfni á alþjóðlegum og innlendum vettvangi.

Fyrir hönd Samtaka fyrirtækja á veitingamarkaðri (SVEIT)

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Aðalgeir Ásvaldsson', written in a cursive style.

Aðalgeir Ásvaldsson
Framkvæmdastjóri SVEIT